



Áhugasamir nemendur – árangursríkara skólastarf

2010-2011

Efnisyfirlit

1 Upphaf þróunarverkefnisins.....	3
2 Kveikjur	5
2.1 Hlutbundin kveikja.....	5
2.2 Fréttir líðandi stundar.....	5
2.3 Myndir	5
3 Námsleikir.....	5
3.1 Stafaleikur.....	5
3.2 Fimmtíuleikur	5
3.3 Búmm/Dollý.....	6
3.4 Orðaleikur.....	6
4 Nemandinn	6
4.1 Einstaklingsviðtöl.....	6
4.2 Bekkjafundur	7
4.3 Dagatal.....	7
5 Dagbækur kennara	7
6 Verkfæri og vinnulag	8
6.1 Foxit reader	8
6.2 Leiðarbækur	8
6.3 Hugtakakort.....	9
7 Verkefni/vinnubrögð	9
7.1 Stýrt áhugasviðsverkefni	9
7.2 Sjálfstæði nemenda.....	10
7.3 Skapandi verkefni	10
7.4 Eigin saga nemenda.....	11
7.5 Flökkusögur	11
7.6 Kynning á viðfangsefnum	11
8 Lok kennslustunda	11
9 Mat á verkefninu	12
10 Þátttakendur.....	13

1 Upphaf þróunarverkefnisins

Í Heiðarskóla hefur á undanförunum árum verið nokkur umræða meðal kennara á unglíngastigi að of margir nemendur sýni náminu ekki nógu mikinn áhuga. Nemendur hafa komið nokkuð vel út úr samræmdum könnunarprófum í 10. bekk, um eða yfir landsmeðaltali í flestum greinum. Kennurum fannst þó að með auknum áhuga næðu nemendur enn betri árangri.

Vorið 2009 var ákveðið að ráðast í verkefni sem hefði þann tilgang að þróa kennsluaðferðir og vinnubrögð sem miðuðu að því að efla áhuga nemenda á unglíngastigi á námi sínu. Þátttakendur í verkefninu yrðu bóknámskennarar í 7. – 10. bekk. Vinna ætti markvisst að því að gera nemendur meðvitaðri um nám sitt og námsviðhorf með það að markmiði að eflast sem námsmenn.

Að mati skólastjórnenda eru kennarar á unglíngastigi metnaðarfullir og faglegir og því töldu stjórnendur að farsælt væri að nýta krafta þeirra sem mest í verkefninu í stað þess að kalla til fyrirlesara eða leiðbeinendur utan skólans. Gert var ráð fyrir að kennarar ígrunduðu starfshugmyndir sínar og kennsluaðferðir og skoðuðu hvort að þær væru til þess fallnar að efla áhuga nemenda á náminu. Gengið var út frá því að mikilvæg forsenda þess að nemendur næðu góðum árangri væri að þeir væru áhugasamir um námið.

Leitað var til Ingvars Sigurgeirssonar prófessors við HÍ um ráðgjöf við verkefnið. Framlag hans fólst einkum í því að fylgja verkefninu úr hlaði, funda með þátttakendum og veita þeim og stjórnendum ráðgjöf um einstaka verkþætti. Ingvar tengist Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs en á hennar vegum hefur verið unnið að yfirgripsmiklu rannsóknarverkefni á starfsháttum í grunnskólum sem Heiðarskóli hefur verið þátttakandi í (sjá um þetta verkefni á þessari slóð: <http://skrif.hi.is/starfshaettir/>)

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funduðu með Ingvari 19. janúar 2010 og unnið var að skipulagi fyrir verkefnið. Ákveðið var að hafa nokkra fundi á vorönninni en þungamiðja verkefnisins yrði skólaárið 2010 - 2011.

Vorið 2010 hélt Ingvar tvo fundi með kennurunum og einu sinni funduðu kennarar án hans. Haustið 2010 hélt Ingvar þrjá vinnufundi með kennurum en auk þess héldu kennarar þrjá samráðsfundi. Síðasti fundur kennara og Ingvars var haldinn um miðjan febrúar 2011 en þá var farið var yfir skil á verkefninu. Þar var ákveðið að kynna verkefnið sérstaklega fyrir foreldrum, fyrir kennurum á svæðinu og jafnframt að kynna það á opinni ráðstefnu hjá Samtökum áhugafólks um skólapróun sem haldin verður haustið 2011.

Á fyrsta fundi með Ingvari, í febrúar 2010, kynnti hann leiðir sem aðrir skólar hafa farið við skipulag þróunarverkefna. Eftir þann fund veltu kennarar fyrir sér hvaða leiðir væru vænlegastar fyrir hópinn til að ná markmiðunum sem sett voru, þ.e. að efla áhuga nemenda á unglíngastigi á námi sínu.

Í byrjun ríkti nokkur óvissa um hvaða stefnu verkefnið myndi taka þar sem það byggðist ekki á fyrirfram ákveðnum leiðum. Segja má að vorönnin 2010 hafi að mestu farið í að fóta sig í verkefninu, þ.e. hvernig best væri að nálgast viðfangsefnið svo að góður árangur næðist. Sumir kennarar höfðu á orði að þeir væru dálítið „týndir“ og erfitt væri að átta sig á því til hvers væri ætlast. Mörgum

spurningum var velt upp, m.a. hvort að lausn væri að finna í umgjörðinni, þ.e. stundatöflu og kennslurými eða hvort farsælla væri að kennarar rannsökuðu vel eigin störf. Eftir nokkra fundi þróuðust umræður meira í þá átt og kennarar fóru í ríkara mæli að fjalla um eigin kennsluhætti, kennslustundirnar sjálfar, upphaf þeirra og lok, kveikjur, kröfur til nemenda og tengsl þeirra við nemendur svo dæmi séu tekin.

Nokkrir kennarar skoðuðu vel einstakar kennslustundir hjá sér, aðrir beindu sjónum að einstökum þáttum kennslunnar.

Fundirnir voru mjög gagnlegir og reyndust góður vettvangur fyrir faglegar umræður. Kennarar deildu reynslu sinni og viðhorfum, þeir ræddu opinskátt um það sem vel fór og eins það sem betur hefði getað gengið. Kennsluaðferðir sem kennarar höfðu verið að þróa í nokkur ár eins og hugtakakort og leiðarbækur festust í sessi og enn fleiri kennarar byrjuðu að nota þessar aðferðir.

Í skýrslunni verður gerð grein fyrir þeim aðferðum sem kennarar ákváðu að prófa í kennslunni og lagt mat á hvernig verkefnið tókst.

Á meðan á verkefninu stóð ræddu kennara mikið saman um að hverju þarf að huga þegar efla á áhuga nemenda og ná árangri. Haldið var utan um hugmyndir, verkefni og vinnubrögð með meðfylgjandi hugtakakorti. Meðal annars ræddu kennara mikið um að til efla áhuga nemenda þyrftu kennara að vera mjög áhugasamir eins og sést í miðju hugtakakortsins. Hugtakakortið var svo grunnurinn að þessari skýrslu.



2 Kveikjur

Kveikjur eru notaðar í kennslu til að vekja áhuga nemenda á því námsefni sem farið er í hverju sinni. Nýta má daglegt líf og fyrri þekkingu nemenda sem grunn að góðri kveikju. Margar skemmtilegar hugmyndir eru til af kveikjum og hér að neðan eru nokkrar sem kennarar í Heiðarskóla hafa notað.

2.1 Hlutbundin kveikja

Hér notar kennari sem kveikju hluti sem tengjast námsefninu. Sem dæmi má nefna að í dönsku notar kennari matarleikföng í kennslustund og afhendir hverjum og einum nemanda. Kennari og nemendur spjalla saman á dönsku um matinn. Dæmi: „Jeg spiser en banan, hvad spiser du?“ Kennarinn biður líka um mat t.d. „Kan jeg bede om en banan?“ og nemandinn sem er með bananann réttir hann fram og segir: „Vær så god!“

2.2 Fréttir líðandi stundar

Kennari eða nemendur koma með sögur eða blaðagreinar í tíma. Fréttir úr samtímanum eru notaðar sem kveikjur þegar það á við. Sem dæmi má nefna uppreisnirnar í Egyptalandi og Líbýu. Úrklippur eru settar í stílabók sem hver og einn bekkur á.

2.3 Myndir

Kennari sýnir nemendum myndir um efni sem fjallað er um í kennslustund, t.d. Sovétríkin og Tjernobyl og afleiðingar mengunar vegna kjarnorku í samanburði við hamfarirnar í Japan 2011.

3 Námsleikir

Námsleikir geta verið heppilegar kveikjur, aukið fjölbreytni kennsluaðferða og verið skemmtilegt uppbrot kennslustunda. Námsleikir eru notaðir í upphafi, miðju eða lok kennslustunda. Hér á eftir eru dæmi um leiki sem notaðir voru í verkefninu.

3.1 Stafaleikur

Kennari skrifar bókstaf á töfluna og nemendur eiga að finna eins mörg hugtök eða orð sem byrja á stafnum. Dæmi: Stærðfræðikennari setur A á töflu og nemendur finna eins mörg orð og þeir geta sem tengjast stærðfræði og byrja á A. Dæmi um orð sem nemendur kæmu með væri þá algebra-almenn brot-aukastafur-aðgerð-annars stigs jafna. Leikurinn hentar einnig vel í tungumálum.

3.2 Fimmtíuleikur

Kennari útbýr 50 spurningar úr námsefni og festir þær á vegg á ákveðnum stöðum eða svæðum (kennslustofa-gangar-íþróttahús-útisvæði). Nemendum er skipt í tveggja til þriggja manna hópa. Á ákveðnum stað er borð með tveimur teningum (teningastöð) sem nemendur hlaupa að og kasta teningunum til að fá summu talna. Talan vísar þeim á spurninguna sem þeir eiga að svara í upphafi.

Í næstu umferð kasta nemendur teningunum aftur og leggja þá summu við summuna frá fyrri umferð. Ef summan er 5 í fyrsta kasti og 10 í næstu umferð þá á hópurinn að svara spurningu númer 15. Þegar nemendur hafa svarað spurningum upp í 50 þá geta þeir dregið frá. Kennari útbýr svarblöð og ákveður tímalengd leiksins (30 mínútur er góður tími). Spurningarnar þurfa að vera þess eðlis að svörin séu stutt og hnitmiðuð, krossaspurningar henta vel.

3.3 Búmm/Dollý

Margföldunarleikur. Unnið með margföldunartöflur t.d. 5 sinnum töfluna. Þegar 5 eða tala sem 5 gengur upp í kemur upp á sá nemandi að segja dollý eða búmm í stað tölunnar (1,2,3,4,dollý).

3.4 Orðaleikur

Kennari gefur nemendum fyrirmæli um að finna orð sem tengjast ákveðnum hugtökum eða hlutum. Nemendum er skipt í hópa og kennarinn setur upp flokka t.d. söngvara, mat, bíómyndir. Þegar kennarinn setur stafinn upp reyna nemendur að finna eins mikið af orðum í þessum ákveðnu flokkum og fá stig fyrir hvert orð sem þeir finna og tvö stig ef þeir finna orð sem enginn annar finnur.

4 Nemandinn

4.1 Einstaklingsviðtöl

Á haustönn tóku umsjónarkennarar einstaklingviðtöl við umsjónarnemendur sína. Nemendur fengu spurningalista fyrir viðtalið sem þeir áttu að vera búnir að skoða heima helst með foreldrum fyrir viðtalið. Hvert viðtal tók u.þ.b. 8-15 mínútur.

Í viðtalinu var lögð áhersla á að ræða áhuga, líðan, samskipti og viðhorf nemenda. Sjá fylgiskjal 1.

Bæði nemendur og umsjónarkennarar voru mjög ánægðir með viðtölin vegna þess að nemendur fá sjaldan tækifæri til þess að ræða einslega við kennarann sinn.

Þar sem viðtölin heppnuðust svo vel á haustönn var ákveðið að endurtaka þau á vorönn. Þá komu nemendur óundirbúnir í viðtölin og spurningarnar voru með breyttu sniði.

Sjá fylgiskjöl 2 og 3.

Svör nemenda í fyrri viðtölunum voru oft mjög stöðluð og greinilegt var að foreldrar höfðu að einhverju leyti stýrt svörunum.

Seinni viðtölin komu betur út að mati kennara vegna þess að nemendur höfðu ekki undirbúið sig og svörin því einlægari fyrir vikið.

4.2 Bekkjarfundur

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri héldu fundi í nóvember og desember með nemendum í 9. og 10. bekk. Fundað var með hverjum bekk fyrir sig eða alls 5 fundir. Umsjónarkennarar sátu ekki fundina.

Aðalumræðuefni fundanna voru kennsluhættir í Heiðarskóla. Á síðasta skólaári voru haldnir svipaðir fundir og var þá aðallega rætt um námsmat. Markmiðið með þeim var að efla tengsl stjórnenda við nemendur og jafnframt gafst gott tækifæri til að ræða saman um ýmsa þætti skólstarfsins. Fundirnir tókust mjög vel að mati stjórnenda, voru áhugaverðir og skemmtilegir. Þeim var stýrt þannig að allir nemendur tóku til máls um tiltekin atriði. Umræður voru mjög góðar og margir nemendur tjáðu sig mikið.

Í máli nemenda kom fram að þeim finnst mjög mikilvægt að hafa fjölbreytni í kennsluháttum. Nemendur voru mjög jákvæðir, töluðu m.a. um að þeir upplifðu að kennurum þeirra fyndist skipta máli að þeir næðu góðum árangri. Það var ánægjulegt að heyra svör nemenda þegar þeir voru spurðir hvað þeir teldu að gagnaðist mest fyrir þá að hafa lært í grunnskólanum. Nemendur nefndu m.a. háttvísi, metnað, stundvísi og heilbrigði. Þær námsgreinar sem oftast voru nefndar voru íslenska og stærðfræði. Nemendur sögðu að þeim hefðu þótt fundirnir góðir og skemmtilegir.

4.3 Dagatal

Nokkrir kennarar hafa tekið upp þá venju að hengja dagatal upp í stofunni hjá sér þar sem nemendur geta skráð persónulega viðburði t.d. íþróttakeppnir, ferðalög, afmælisdaga o.fl. Kennarinn spjallar við nemendur um þessa viðburði og nær þannig meiri og betri tengslum við þá með því að sýna hverjum og einum áhuga á því sem þeir gera utan skóla. Bæði umsjónarkennarar og faggreinakennarar hafa prófað þetta með sínum bekkjum en það er misjafnt hversu duglegir nemendur eru að skrá á dagatalið. Sumir nemendahópar eru mjög virkir og rukka kennarann um dagatalið ef það er ekki komið upp á meðan aðrir nemendahópar skrá lítið.

5 Dagbækur kennara

Í upphafi verkefnisins voru kennarar hvattir til þess að halda dagbækur yfir kennsluna. Nokkrir kennarar gerðu það, hver með sínum hætti.

Flestir létu sér nægja að skrá hjá sér stuttar lýsingar eða hjálparorð yfir það sem gekk vel og það sem betur hefði mátt fara. Þeim sem þetta gerðu, í lengri eða skemmri tíma, þótti þetta góð leið til þess að ígrunda kennsluhætti sína og hvaða áhrif þeir höfðu á mismunandi nemendahópa. Dagbækurnar gefa góða yfirsýn þegar litið er yfir farinn veg og geta geymt dýrmætar upplýsingar sem hægt er að leita í og nýta í kennslu og samskiptum við nemendur.

Það er hverjum kennara hollt að rýna í störf sín og eru dagbókarskrif ein leið til þess.

Dagbækur – Dæmi um mismunandi markmið og áherslur

Kennari 1: Kennari vildi skoða samskiptahætti sína við ákveðna nemendur sem voru iðulega vanvirkir og áhugalausir um námið. Skráði hann hvaða áhrif tiltekin framkoma hans hafði á vinnusemi þessara nemenda.

Kennari 2: Kennari lagði áherslu á að skoða kennsluhætti sína og lagði sérstaka áherslu á kveikjur í upphafi kennslustunda. Skráði hann hvernig kennsluhættir eða þættir námsefnis höfðu áhrif á áhuga og virkni nemendahópa.

Dæmi um dagbókarfærslur kennara 2:

Samfélagsfræði 7. bekkur (Ein grjóthrúga í hafinu – Málverk segir sögu).
Nemendur kynntu hluti sem þeir komu með að heiman, hluti með sögu. Mjög skemmtilegt í öllum bekkjum. Braut kaflann upp á skemmtilegan hátt.

Samfélagsfræði 7. bekkur (Ein grjóthrúga í hafinu – Franskur hirðmaður, nei takk!)
Kaflinn lesinn, umræður og fyrirlestur. Skoðað kort. Gekk ágætlega. Langdreginn texti, krakkar frekar órólegir. Hefði þurft að sigta kaflann eitthvað og finna áhugavert verkefni.

6 Verkfæri og vinnulag

Á meðan á verkefninu stóð prófuðu kennarar ýmis verkfæri. Einnig festi sig í sessi vinnulag sem áður var til staðar og fleiri kennarar tóku upp eins og hugtakakort.

6.1 Foxit reader

Foxit reader er forrit sem gerir okkur fært að vinna með og breyta pdf-skjölum. Forritið er hægt að nálgast endurgjaldslaust á netinu. Þannig geta kennarar notað kennslubókina sem þeir eru með fyrir framan sig og unnið beint í hana hvort sem það eru útskýringar, eyðufyllingar eða annað. Þetta forrit gefur einnig nemendum tækifæri til að vinna á tölvutæku formi.

6.2 Leiðarbækur

Í stærðfræði í 7. – 10. bekk er leiðarbók (A5 stílabók) notuð sem eins konar glósubók. Öll hugtök og nýir efnisþættir eru útskýrðir með orðum og dæmum. Almenn skilgreining á hugtakinu kemur fyrst og síðan er það útskýrt betur með sýnidæmi. Þessa vinnu nota nemendur til að útbúa hugtakakort úr hverjum kafla. Við útskrift frá Heiðarskóla eiga nemendur ítarlegt uppflettirit yfir þau hugtök sem þeir hafa unnið með í grunnskólanum.

6.3 Hugtakakort

Gerð hugtakakorta hjálpar nemendum að koma skipulagi á námið. Hugtakakortin eru gerð til að nemendur sjái samhengi milli efnispáttta. Þau hjálpa nemendum að muna og skilja efnið sem þeir hafa nú þegar unnið með og er um leið samantekt á efninu.

Í stærðfræði í 7.-10. bekk gera nemendur kort í lok hvers kafla. Þegar þeir ljúka námi frá Heiðarskóla eiga þeir kort úr öllum efnispáttum stærðfræðinnar frá 7.-10. bekk. Ætlunin er að færa þessa vinnu niður í 5. bekk og jafnvel neðar.

Í 7. bekk fá nemendur kynningu á hvernig hugtakakortin eru unnin í stærðfræðinni. Fyrst vinna nemendur kortin eftir fyrirmynd kennara, síðan með kennaranum og að lokum vinna þeir kortin sjálfir. Miðað er við að nemendur geti unnið kortin sjálfstætt á miðjum vetri í 8. bekk.

Sú yfirsýn sem hugtakakortin veita nemendum, gefur þeim öryggisþingningu gagnvart námsefninu. Það verður aðgengilegra og skilningur þeirra eykst sem hefur orðið til þess að nemendur kalla eftir þessari námstækni. Því öruggari sem nemandinn er í náminu því líklegri er að hann hafi áhuga á því og árangur verði betri.

Nemendur vinna einnig hugtakakort í íslensku, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsfræði.

7 Verkefni/vinnubrögð

Kennarar gera sér grein fyrir því að fjölbreytni í kennsluháttum skiptir máli. Meðal annars er nauðsynlegt að tengja námsefnið áhugasviði nemenda, styrkja sjálfstæði þeirra og bjóða þeim upp á skapandi viðfangsefni. Unnið var að mörgum áhugaverðum verkefnum og eru hér nefnd nokkur dæmi.

7.1 Stýrt áhugasviðsverkefni

Markmiðið var að fræðast um enskumælandi lönd. Bekknum var skipt upp í hópa og fengu nemendur verkefni þar sem þeir áttu að skrifa niður spurningar eða vangaveltur um eitt tiltekið land. Verkefnið gekk mjög vel hjá sumum sem leituðu eftir gagnlegum og áhugaverðum upplýsingum og fræddust þannig um landið á meðan aðrir leituðu að minna áhugaverðum upplýsingum sem skiluðu litlum fróðleik um landið sjálft.



Skemmtilegt og óvanalegt hugtakakort í ensku.

7.2 Sjálfstæði nemenda

Í upphafi þróunarverkefnisins fannst mörgum kennurum nemendur of ósjálfstæðir. Nemendur þóttu treysta of mikið á að kennarinn leiddi verkefnið og þegar nemendur áttu að vinna sjálfstætt þá glímdu þeir ekki við verkefnin eða sökkту sér ofan í þau heldur spurðu bara kennarann.

Til að auka sjálfstæði nemenda lagði kennarinn í upplýsingamennt áherslu á að nemendur læsu leiðbeiningarnar sem fylgja hverju verkefni. Fyrst las kennari leiðbeiningarnar, síðan skiptu nemendur með sér að lesa þær og útskýra með eigin orðum hvað átti að gera. Að lokum var tímaverkefni lagt fyrir nemendur þar sem þeir áttu að treysta á sjálfa sig og fara eftir leiðbeiningum. Nemendur fengu einkunn fyrir verkefnið og hvernig það var leyst. Sjálfstæði flestra nemenda jókst greinilega með þessum vinnubrögðum og þeir nýttu mun betur leiðbeiningarnar. Haldið verður áfram að þjálfa nemendur í þessum vinnubrögðum.

7.3 Skapandi verkefni

Í mörgum námsgreinum hafa verið unnin skapandi verkefni. Þar á meðal leiknar auglýsingar og stuttmyndir, veggspjöld, bæklingar og líkön.

Nemendur í 10. bekk í dönsku hafa unnið auglýsingar um matvöru á ýmsan hátt. Þeir unnu saman í hópum. Nemendur urðu að nota bæði jákvæð og lýsandi orð og búa til slagorð. Lengd auglýsingarinnar fór eftir fjölda nemenda í hópnum. Miðað var við 30 sekúndur á hvern nemanda og allir í hópnum þurftu að koma fram og tala dönsku.

Bæði nemendur og kennari höfðu mjög gaman af þessu verkefni og voru auglýsingarnar bæði fjölbreyttar og skemmtilegar. Þó að þetta verkefni sé á vissan hátt hugsað sem munnlegt próf þá upplifðu nemendur það ekki þannig heldur fannst flestum þetta kærkomin tilbreyting í dönskunáminu.



Á myndunum má sjá skemmtilegt og skapandi jólaverkefni í ensku.

7.4 Eigin saga nemenda

Til þess að nemendur tengi umfjöllun í samfélagsfræði við sjálfan sig og nútímann gera þeir ættartré. Hvaðan koma þeir? Eru foreldrarnir allir ættaðir úr sama bæjarfélagi eða koma þeir frá öðrum landsvæðum eða jafnvel frá öðrum löndum? Þetta er góð tenging því nemendur sjá tengsl sín við fortíðina og skilja að sögu þarf að varðveita. Þeir þurfa yfirleitt aðstoð frá foreldrum eða ömmum og öfum og fá því munnlegar heimildir um fjölskyldu sína .

7.5 Flökkusögur

Flökkusögur eru notaðar til þess að nemendur geri sér grein fyrir að ekki er allt í sögunni satt og/eða sannanlegt. Munnlegar heimildir brenglast þegar tíminn líður. Nemendur gera sér betur grein fyrir gildi þess að sannreyna það sem sagt er. Þeir gera sér grein fyrir að sagan er ekki óbrigðul. Ef þeir kunna flökkusögu eru þeir fengnir til að segja hana og síðan er sannleiksgildi sögunnar rætt.

7.6 Kynning á viðfangsefnum

Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir því sem fram á fara í kennslustundinni. Það hefur reynst vel að kennari kynni skipulag kennslustundarinnar fyrir utan stofuna það er áður en farið er inn. Þannig eru allir tilbúnir að takast á við viðfangsefni kennslustundarinnar strax í upphafi sem skilar sér í betra vinnuframlagi í kennslustund. Þessi vinnubrögð hafa hentað vel t.d. í upplýsingamennt.

8 Lok kennslustunda

Allnokkrar umræður spunnust um lok kennslustunda í þessu verkefni. Margir kennarar voru mjög ósáttir með hvernig þeir enduðu kennslustundir og lýstu því þannig að oft og tíðum væru nemendur byrjaðir að taka saman og farnir að íhuga brottför áður en kennara gafst svigrúm til að ljúka kennslustund eins og hann væri sáttur við.

Til að taka á þessu vandamáli hafa kennarar gripið til nokkurra ráða. Nemendur eru spurðir um efni kennslustundarinnar ýmist einir sér eða í litlum hópum. Kennari í erlendu tungumáli lætur hvern og einn nemanda kveðja sig á því máli í lok kennslustundar. Nokkrir kennarar nýta síðustu mínúturnar í að rifja upp hvað gert var í kennslustundinni og svo hafa kennarar lokið kennslustundum með því að fara með nemendur í jóga.

Leikir sem tengdust efni námsgreinarinnar voru notaðir í lok kennslustunda. Fyrst ber að nefna orðaleikinn, þar sem einn nemandi kemur upp að töflu og hugsar sér orð, sem var tekið fyrir í umræddri kennslustund. Síðan eiga nemendur að spyrja nemandann þangað til hið rétta orð lítur dagsins ljós.

Annar leikur er þannig að kennarinn hefur búið sér til orðaforða t.d. úr kafla sem er verið að fara yfir. Kennarinn setur orðið á blað og hengir það aftan á nemandann. Nemandinn á síðan að spyrja bekkinn spurninga þangað til hið rétta orð kemur í ljós.

9 Mat á verkefninu

Kennarar eru sammála um að verkefnið hafi skilað góðum árangri fyrir skólastarfið á mörgum sviðum.

Með verkefninu skapaðist góður vettvangur fyrir faglegar umræður og skoðanaskipti um nám og kennslu. Stuðningur frá samkennurum og traust innan hópsins hefur aukist. Eftir því sem leið á verkefnið reyndist kennurum auðveldara að ræða kennsluaðferðir sínar og deila reynslu sinni og hugmyndum með samkennurum.

Kennarar voru duglegri en áður að prófa nýjar aðferðir og hugmyndir sem komu fram á fundunum. Verkefnið leiddi til þess að kennarar rýndu í eigin rann, skoðuðu starfshætti sína og ræddu hlutina út frá öðru sjónarhorni en áður. Mörgum fannst krefjandi að fara í slíka sjálfskoðun.

Fundirnir voru líflegir og skemmtilegir enda ræddu kennarar um að mikilvægt væri að sjá skoplegu hliðarnar og vera létt og kát í kennslu og vinnu með nemendum.

Það var skoðun þátttakenda að tengsl kennara við nemendur breyttust. Þau urðu jákvæðari og opnari. Einstaklingsviðtölin og dagatal nemenda gáfu tækifæri til að tengjast nemendum á annan og persónulegri hátt.

Kennarar gera sér grein fyrir að eitt einstakt verkefni nær ekki að virkja alla nemendur og auka áhuga allra í einu. Kennarar upplifðu að ákveðnir nemendur sem áður höfðu sýnt lítinn áhuga blómstruðu í fjölbreyttum vinnubrögðum. Margir nemendur efldust í auknu skapandi starfi og aðrir báru aukna ábyrgð á eigin námi og sýndu sjálfstæðari vinnubrögð.

Mat ráðgjafa er að sérstaklega vel hafi tekist til með þetta verkefni. Í tengslum við það varð til áhugaverður hugmyndabanki um fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga nemenda á náminu og virkja þá. Ekki er nokkur vafi að verkefnið getur nýst kennurum og nemendum í öðrum skólum.

Það er mat stjórnenda skólans að verkefnið hafi gengið mjög vel og skilað góðum árangri. Það var ánægjulegt að sjá hvernig verkefnið þróaðist og þátttakendur efldust faglega eftir því sem leið á vinnuna. Það má segja að heiti verkefnisins hafi í raun frekar átt að vera **áhugasamir nemendur og kennarar – árangursríkara skólastarf**.

Kennarar hafa ákveðið að halda áfram með verkefnið á næsta skólaári og sjá þeir það sem góða leið til að ná markmiðunum að vekja enn frekar áhuga nemenda sem leiðir til árangursríkara skólastarfs.

10 Þátttakendur

Agnes Ómarsdóttir
Bryndís Björg Guðmundsdóttir
Bryndís Jóna Magnúsdóttir
Brynjar Harðarson
Erla María Andrésdóttir
Esther Níelsdóttir
Eygló Pétursdóttir
Fanney Ómarsdóttir
Haraldur Axel Einarsson
Íris Ástþórsdóttir
Martha Jensdóttir
Ragnheiður G. Ragnarsdóttir
Sigurbjörg Róbertsdóttir
Steinþóra Eir Hjaltadóttir
Unnar Stefán Sigurðsson
Þóra Guðrún Einarsdóttir
Þórey Garðarsdóttir

Skólastjóri: Gunnar Þór Jónsson
Aðstoðarskólastjóri: Sóley Halla Þórhallsdóttir

Ráðgjafi verkefnisins: Ingvar Sigurgeirsson prófessor, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs, á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

9. og 10. bekkur

Spurningar fyrir einstaklingsviðtöl

1. Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Af hverju?
2. Við hvaða aðstæður lærir þú best?
Uppsetning skólastofunnar
Einstaklings/hópavinna
Bein kennsla/sjálfsnám
3. Hvað finnst þér erfiðast í skólanum?
Hvaða leið sérðu til þess að bæta þig í þeirra námsgrein?
4. Heimanám? Of mikið, of lítið? Færðu aðstoð við heimanámið?
5. Hver eru áhugamál þín? Æfirðu íþróttir?
6. Hverjir eru vinir þínir? Í bekknum, í skólanum og fyrir utan skóla. Hvað gerið þið saman?
7. Markmiðssetning: Framhaldsskóli, námið í vetur
8. Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri
9. Hvernig eru samskipti við aðra nemendur skólans.
10. Hvað ætlar þú að gera í sumar?

10. bekkur

Spurningar fyrir einstaklingsviðtöl

Nafn : _____

1. Hvernig finnst þér skólaárið hafa gengið hjá þér? Af hverju?
2. Varstu sátt/ur við vitnisburðinn? Hvað var gott/slæmt? Hvar getur þú gert betur? Hvernig?
3. Fórstu til námsráðgjafa? (ef já) Fékkstu svör við spurningum þínum?
4. Hvaða kennari nær best til þín (bekkjarins)? Hvers vegna?
5. Ertu að sinna heimanáminu? Hvað þarftu mikinn tíma fyrir heimanámið? Hvenær sinnir þú því?
6. Hvað finnst þér jákvætt við skólastarfið?
7. Hvað finnst þér neikvætt við skólastarfið? Hvernig er hægt að bæta það?
8. Hvernig líður þér í skólanum almennt?
9. Hefurðu orðið var/vör við einelti á unglíngastigi?
10. Þekkir þú einhvern sem er lagður í einelti eða hefur verið lagður í einelti í skólanum?
11. Uppbyggingarstefnan : Veistu út á hvað hún gengur? Áhugavert eða leiðinlegt? Skilar þetta árangri? Er tilgangur með þessu?
12. Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri

9.bekkur

Spurningar fyrir einstaklingsviðtöl

Nafn : _____

1. Hvernig finnst þér skólaárið hafa gengið hjá þér? Af hverju?
2. Varstu sátt/ur við vitnisburðinn? Hvað var gott/slæmt? Hvar getur þú gert betur? Hvernig
3. Hvaða kennari nær best til þín (bökkjarins)? Hvers vegna?
4. Ertu að sinna heimanáminu? Hvað þarftu mikinn tíma fyrir heimanámið? Hvenær sinnir þú því?
5. Hvað finnst þér jákvætt við skólastarfið?
6. Hvað finnst þér neikvætt við skólastarfið? Hvernig er hægt að bæta það?
7. Hvernig líður þér?
8. Markmiðssetning fram á vor.
9. Uppbyggingarstefnan : Veistu út á hvað hún gengur? Áhugavert eða leiðinlegt? Skilar þetta árangri? Er tilgangur með þessu?
10. Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri